

Tillögur frá stjórn FSL um breytingar á lögum Félags sjúkrahúslækna

Gildandi orðalag	Tillaga um breytingu
<p>9. gr. <i>Dagskrá aðalfundar.</i> Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:</p> <ul style="list-style-type: none">a) Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.b) Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið reikningsár með athugasemdum skoðunarmanna.c) Stjórnarkjör. Hlutkesti ræður ef atkvæði eru jöfn.d) Kosning annars tveggja fulltrúa félagsins í stjórn LÍ.e) Kosning aðal- og varafulltrúa á komandi aðalfund LÍ. Heimilt er að tilnefna aðra fulltrúa á þessum fundi en fram koma í tillögu stjórnar. Séu fleiri tilnefndir en kjósa skal ræður afl atkvæða.f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins varamanns.g) Ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta ár og fjárhagsáætlun.h) Lagabreytingatillögur, ef borist hafa.i) Önnur mál.	<p>9. gr. <i>Dagskrá aðalfundar.</i> Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:</p> <ul style="list-style-type: none">a) Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.b) Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið reikningsár með athugasemdum skoðunarmanna.c) Stjórnarkjör. Hlutkesti ræður ef atkvæði eru jöfn.d) Kosning annars tveggja fulltrúa félagsins í stjórn LÍ.e) Kosning hellingur aðal- og varafulltrúa á komandi aðalfund LÍ. Heimilt er að tilnefna aðra fulltrúa á þessum fundi en fram koma í tillögu stjórnar. Séu fleiri tilnefndir en kjósa skal ræður afl atkvæða.f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins varamanns.g) Ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta starfsár og fjárhagsáætlun.h) Lagabreytingatillögur, ef borist hafa.i) Önnur mál. <p>Skýring: Eðlilegt er að tiltaka í e)-lið 9. gr. að það er hellingur aðal- og varafulltrúa FSL á aðalfundi LÍ sem kosinn er á aðalfundi. Hinn hellingurinn tilnefnir stjórn FSL sbr. 14. gr. laganna. Einnig er rétt að tiltaka í g)-lið að árgjaldið sem ákveðið er gildir fyrir yfirstandandi ár.</p>
<p>15. gr. <i>Reikningsár og endurskoðun.</i> Reikningsár félagsins er almanaksárið.</p>	<p>15. gr. <i>Reikningsár og endurskoðun.</i> Reikningsár félagsins er almanaksárið.</p>

<p>Kjörnir skoðunarmenn skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá.</p> <p>Fyrir 1. mars ár hvert skal löggiltur endurskoðandi hafa lokið við samning reiknings fyrir liðið reikningsár í samvinnu við gjaldkera félagsins. Skoðunarmenn skulu gera stjórninni grein fyrir skoðun sinni og athugasemdum innan þriggja vikna.</p>	<p>Kjörnir skoðunarmenn skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá.</p> <p>Fyrir 1. mars ár hvert skal löggiltur endurskoðandi gjaldkeri hafa lokið við samning reiknings fyrir liðið reikningsár í samvinnu við gjaldkera félagsins, með aðstoð löggilts endurskoðanda ef hann telur þörf á því. Skoðunarmenn skulu gera stjórninni grein fyrir skoðun sinni og athugasemdum innan þriggja vikna.</p> <p>Skýring: Rétt þykir að taka úr lögnum það fortakslausa skilyrði að löggiltur endurskoðandi semji ársreikning fyrir félagið. Miðað við umsvif þess er það óþarfa kostnaður fyrir félagið að fá löggiltan endurskoðanda í verkið. Jafnframt er þó tilgreint að gjaldkera sé heimilt að leita aðstoðar löggilts endurskoðanda við gerð ársreiknings, telji hann þörf á því.</p>
	<p>Á eftir 16. gr. kemur ný grein, sem verður 17. gr. a svohljóðandi:</p> <p><i>Slit félagsins</i></p> <p>Nú kemur fram tillaga um það að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til lagabreytingar, sbr. 16. gr. Á þeim fundi skal þá jafnframt tekin ákvörðun um hvernig farið skuli með eignir og skuldir félagsins.</p> <p>Skýring: Við gerð laga FSL láðist að setja ákvæði um hvernig standa skuli að slitum félagsins. Þegar sótt var um skráningu félagsins hjá Fyrirtækjaskrá var kennitala veitt með því skilyrði að þess yrði gætt á næsta aðalfundi að í lögum yrði bætt slíku ákvæði.</p>